

Ársfundur Austurbrúar 2017 í samræmi við 7. gr. skipulagsskrár haldinn í Végarði, Fljótsdalshreppi, mánudaginn 8. maí 2017 kl. 13.00.

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Afgreiðsla ársreikninga
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á).
- 5) Kosningar
 - a. Kjör stjórnar
 - b. Kjör endurskoðenda
 - c. Kjör starfsháttanefndar
 - d. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að **Gunnþórunn Ingólfisdóttir** yrði fundarstjóri og **Björg Björnsdóttir** fundarritari og var það samþykkt. Alls voru um 40 fundargestir, þar af 24 atkvæðisbærir fulltrúar¹. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðin aðilar hefðu atkvæðisrétt og því með sérstakt spjald í fundargögnum til að greiða atkvæði. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar og á vef Austurfréttar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1. **Sæunn Stefánsdóttir**, varaformaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar. „Ágætu ársfundargestir, í veikindum formanns stjórnar Austurbrúar fellur það í hlut varaformannsins að flytja hér skýrslu stjórnar. Það má sannarlega segja að ákveðin tímamót séu nú uppi í rekstri Austurbrúar þegar fimm ár eru liðin frá stofnun hennar. Sú vinna sem hófst

¹ Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: Bandalag íslenskra listamanna, Borgarfjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Ferðamálasamtök Austurlands, Ferðamálastofa, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Handverks- og hússtjórnaðarskólinn á Hallormsstað, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Hildibrand Hótel, Íslandsstofa, Launafl, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Náttúrustofa Austurlands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skógrækt ríkisins, Tanni Travel, Útvegsmannafélag Austurlands, Verkmenntaskóli Austurlands, Vopnafjarðarhreppur.

með skipan fyrsta starfshóps á vegum SSA árið 2008, til að skoða kosti og galla þess að sameina stoðstofnanir á Austurlandi, var tímabær en um nokkurt skeið hafði verið til umræðu hvernig styrkja mætti þær einingar sem fyrir voru til að nýta betur þann mannauð, sérþekkingu og fjármagn sem fyrir var og mynda sterkari fagleg heild. Afrakstur vinnu starfshópsins var svo kynntur á aðalfundi SSA árið 2011 og úr varð að Austurbrú var stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands 8. maí 2012.

Óhætt er að segja að mikil bjartsýni hafi fylgt hinni nýju stofnun úr hlaði og metnaður fyrir hennar hönd um að hún tækist á við hlutverk sitt af stórhug og krafti. Ekki síst var von um að með henni myndi koma til aukin verkefnatilfærsla, bæði frá ríki og sveitarfélögum.

Skipst hafa á skin og skúrir þessi fimm ár en stofnunin hefur sýnt að hún getur tekist á við verkefni, stór sem smá, verið sameiginlegur vettvangur fjórðungsins á margan hátt og tenging hans út á við. Nýleg dæmi eins og verkefnið Áfangastaðurinn Austurland sýna held ég einna best hvernig til hefur tekist.

Í grein formanns stjórnar í ársskýrslu Austurbrúar fyrir árið 2016 leggur hann út af þeim lærdómi sem einnig má draga af sameiningarferlinu til framtíðar og nefnir þar fjárhagsstöðu fyrirrennara Austurbrúar, skýrari stefnumótun og skýrara hlutverk stofnaðila. Allt eru þetta atriði sem við þurfum að hafa í huga og læra af til að tryggja að framtíð Austurbrúar verði björt, henni verði gert kleift að sinna hlutverki sínu, hún verði Austfirðingum það tæki til að auðga samfélagið hér enn frekar og styrkja samstarf og samvinnu á svæðinu sem er lykillinn að blómlegu samfélagi á Austurlandi til lengri og styttri tíma.

Ársreikningar Austurbrúar síðustu tvö árin sýna að Austurbrú er á réttri leið. Afar ánægjulegt er að sjá að samkvæmt rekstrarreikningi síðasta árs var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 32millj.kr. á árinu. Með samhentu átaki starfsfólks og stjórnenda er þetta niðurstaðan en stjórnin hefur séð starfsfólk leggja afar hart að sér, jafnvel svo hart að okkur hefur ekki staðið á sama um, til að ná þessari niðurstöðu samhliða því að reyna að koma áfram og á fót nýjum verkefnum.

Að lokum vil ég fyrir höfn Austurbrúar þakka starfsfólki Austurbrúar og samstarfsaðilum fyrir afar gott samstarf á síðastliðnu ári og starfsfólki sérstaklega fyrir þeirra miklu vinnu. Afraksturinn er góður eins og betur er gert grein fyrir í ársskýrslu og ársreikningi sem ég hvet ykkur til að kynna ykkur. Megi næstu ár verða Austurbrú farsæl Austurlandi öllu til heilla.”

Fundarstjóri greindi frá því að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin eftir kynningu ársreikninga.

- Næst á dagskrá var kynning ársreikninga, **Magnús Jónsson** frá KPMG fór yfir þá. Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Áritun KPMG er fyrirvaralaus. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 32,4 milljónir króna, eigið fé er neikvætt um 33,7 milljón króna. Heildarskuldir í árslok námu samtals 111,4 milljónum króna, þar af eru 88,6 milljónir til greiðslu á árinu 2017. Veltufé frá rekstri er neikvætt sem nemur 38 milljónum króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.

Rekstrarreikningur 2016:

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	155.003.983	144.406.823
Aðrar tekjur	4	166.799.344	170.550.694
		<u>321.803.327</u>	<u>314.957.517</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launategd gjöld	5	177.466.281	188.798.398
Aðrar rekstrarkostnaðir		104.483.200	99.625.071
		<u>281.949.481</u>	<u>288.423.469</u>
Rekstrarniðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda		39.853.846	26.534.048
Afskriftir	3,7	5.547.420	3.554.290
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		34.306.426	22.979.758
Hrein fjármagnsgjöld	6	(1.903.180)	(3.881.007)
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u><u>32.403.246</u></u>	<u><u>19.098.751</u></u>

Eigið fé og skuldir:

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

	Skvr.	2016	2015
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Ójafnað eigið fé		(35.279.452)	(67.682.698)
	10	(33.679.452)	(66.082.698)
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands		5.403.095	7.103.095
Långtímaskuldir:			
Skuldbréfalán	11	17.392.551	26.179.490
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		18.976.732	19.567.260
Ógreidd úthlutað framlög		0	10.776.595
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	9.135.690	10.046.564
Fyrirframánheimtar tekjur vegna verkefna		16.002.187	12.024.187
Aðrar skammtímaskuldir		44.462.418	38.633.122
		88.577.027	91.247.748
Skuldir og skuldbindingar samtals		111.372.673	124.530.333

Sjóðstreymisfirlit:

Sjóðstreymisfirlit 2016

	Skvr.	2016	2015
Rekstrarhræfingar:			
Rekstramíðurstæða (íeikvæði ársins)	10	32.403.246	19.098.751
Rekstrarkóðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	5.547.420	3.554.290
Verðbætur og gengismunur skulda		72.147	800.385
		Veltufé frá rekstri	38.022.813
			23.453.406
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun		356.305	1.168.246
Skammtímafróður, lækkun (hækkun)		5.293.607	(5.975.284)
Skammtímaskuldir, hækkun		(1.759.827)	(2.036.581)
		Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	3.890.085
			(6.843.619)
		Handbært fé frá rekstri	41.912.898
			16.609.787
Fjárfestingarhræfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(3.564.243)	(194.699)
		Fjárfestingarhræfingar	(3.564.243)
			(194.699)
Fjármögnunarhræfingar:			
Tekin ný lán		0	30.000.000
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(29.599.279)
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting		(1.700.000)	(10.625.000)
Afborganir langtímalána		(9.769.980)	(1.516.023)
		Fjármögnunarhræfingar	(11.469.980)
			(11.740.302)
Hækkun á handbæru fé		26.878.675	4.674.787
Handbært fé í upphafi árs		11.862.988	7.188.199
Handbært fé í árslok		38.741.651	11.862.988

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn tók til máls um ársreikninginn og skýrslu stjórnar og var ársreikningurinn því borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningurinn var samþykktur mótatkvæðalaust. – samhljóða?

3. JÁÞ fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2016.

„Ég ætla að fara núna í gegnum það sem hæst ber í kjarnastarfsemi Austurbrúar á árinu 2017 ásamt því að renna yfir fjárhagsáætlun fyrir 2017. Frá því að tímamótafundurinn var haldinn í maí 2014, þegar erfitt var að sjá fram úr hlutunum, hefur mikið vatn runnið til sjávar. Við erum á réttri braut en stundum líður okkur eins og fjallgöngumönnum. Við teljum að útsýnið sé glæsilegt á toppnum en leiðin að útsýnisstaðnum getur verið grýtt og á stundum virðist fjallið ókleift. Það er mikilvægt af þeim sökum að vera rétt skóaður, vel nestaður, með traustar ferðaleiðbeiningar og vera vel festur við líflínuna. Eins og í öðrum fjallgöngum þá er einnig mikilvægt að tala saman og finna út úr því hver sé hentugasta leiðin yfir gljúfrin því stundum hafa fallið nýjar skriður og því ekki hægt að komast þá leið sem GPS hnitin beina manni. Í dag erum við farin að sjá yfir landslagið en við erum ekki komin alla leið. Rekstrarárangur ársins 2016 var vissulega góður en það er ljóst að slík niðurstaða mun ekki nást árið 2017 miðað við núverandi forsendur. Aðhald sem þetta tekur toll og er svo komið að ég tel að ekki verði lengra farið í niðurskurði eða aðhaldi.

Ný verkefni eru byrjuð að koma inn en nú stöndum við á svolitlum tímamótum varðandi það – þ.e. hvort kemur á undan hænan eða eggjið – okkur vantar tekjur til að styrkjast en starfsfólk til að afla tekna – og starfsfólk kostar peninga!

Fjárhagsáætlun Austurbrúar var samþykkt þann 21. janúar. Um 55% tekna Austurbrúar koma beint eða óbeint frá ríkinu til Austurbrúar. Austurbrú er byggð á þekkingu fólks og er því eðlilegt að langstærsti kostnaðarliður stofnunarinnar sé launakostnaður, um 2/3 af tekjum stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir því að hjá stofnuninni starfi 22 á árinu í tæplega 21 stöðugildi.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 2,5 millj. kr. rekstrarafgangi 2017. Það er tæpara heldur en við sem stýrum stofnuninni myndum vilja og ekki í samræm við 5% framlegðarmörkin sem við settum okkur í fyrra. Vonir okkar standa til þess að varanlegar lausnir fari að líta dagsins ljós gagnvart fjármögnun

stofnunarinnar af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Ljóst er að í dag er búið að búa til skipulag og umgjörð sem virkar og því mikilvægt að framtíðarfjármögnunarumhverfi hennar skýrist sem fyrst svo þessi mikilvæga uppbygging sem átt hefur sér stað fari ekki forgörðum.

Starfsáætlun Austurbrúar markast af þeim verkefnum sem hún er með samninga um. Ég ætla að tæpa á nokkrum verkefnum bæði kjarnaverkefnum og sértækum verkefnum en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

- Fræðslumálin eru stór hluti af starfsemi Austurbrúar. Háskólanemar í fjarnámi, stóriðjuskólinn og aðrar námsleiðir fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins o.s.frv. Þetta eru allt saman verkefni sem fjöldinn allur af Austfirðingum nýtur góðs af. Mikilvægt er að gefa ekki eftir í baráttunni fyrir aukinni menntun á landsbyggðinni okkar, Austurland er ekki með háskóla og markaðssvæðið til að halda úti námsleiðum á sömu forsendum og svæði sem eru nær höfuðborginni eru takmarkaðri. Við verðum að standa vörð um fræðslustarfsemina okkar og tryggja að hún fái það fjármagn sem hún þurfi til að geta staðið undir þörfum og væntingum svæðisins. Í vetur var farið í átak í kynningu á gerð fræðsluáætlana og er nú töluverð eftirspurn eftir gerð þeirra hjá fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi. Nú er lagt allt kapp á að svara þeirri eftirspurn og vonir standa til að við það aukist aðgengi að fræðslu á Austurlandi. Með áherslum SSA á árinu 2016 um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi má vera ljóst að Austurbrú er einn af þeim hornsteinum sem slíkt byggir á.
- Markaðsmál Austurbrúar hafa tekið mið af uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands í víðum skilningi. Það er mikilvægt að við löðum að okkur bæði nýja íbúa, ný fyrirtæki sem og ferðamenn. Stöðug uppbygging mannauðs og atvinnulífs á svæðinu er vænlegust til árangurs. Fjöldmörg verkefni hafa vakið athygli undanfarin misseri og er nú frekari þróun á fullri ferð.
- Áframhaldandi áhersla á uppbyggingu millilandaflugs um Egilsstaðaflugvöll á árinu 2017. Einnig verður lögð áhersla á að vinna að umræðu um verðlag í innanlandsflugi og umræðum um skilgreiningu þess sem almenningsamgöngur. Nú í dag ætlum við að ræða húsnæðismál en þegar við erum að ræða um atvinnulíf á Austurlandi þá skipta innviðir mjög miklu máli. Við í Austurbrú vonumst til að hafa fleiri tækifæri til að taka upp umræðu um þau mál sem við teljum að hamli styrkingu

atvinnulífs á svæðinu en öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða sterkra byggða.

- Menningarmál er eitt af því sem einkennir Austurland og er sterkt og fjölbreytt menningarumhverfi ein af undirstöðum samfélaga þar sem fólki líður vel og það vill búa. Við í Austurbrú nýtum hvert tækifæri sem við fáum til að hvetja til og styðja fjölbreytt og öflugt menningarlíf.
- Tilkoma sóknaráætlunar Austurlands og Uppbyggingarsjóðs Austurlands hefur búið til nýja farvegi fyrir stefnumótun og styrki til umhverfis menningar og frumkvöðla. Töluverð þróun er búin að eiga sér stað og enn frekari vinna er í gangi í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál í þessum málaflokki.
- Það var skýrt í endurskipulagningu Austurbrúar að menn vildu hafa SSA innan veggja Austurbrúar. Það hefur þegar sýnt sig að þetta samlíf tvenns konar eininga gerir þeim kleift að lifa við oft erfiðar aðstæður.
- Rannsóknarstarf þarf að efla í fjórðungnum og er ekki úr vegi að minnst þess að Byggðastofnun sjálf gaf það út fyrir nokkrum árum að um 500 millj. vantaði í fjórðunginn til að hann stæði jafnfætis öðrum í þessum málum. Aukið rannsóknarfé í landshlutann OG nýting fyrirtækja og stofnana á því rannsóknarafli sem til er í landshlutunum er mikilvægt. Það er von mín að við komumst á þann stað að „sérfræðingur að austan“ verði hugtak sem verði tamt fólki hér sem annars staðar.

Fjöldmörg önnur verkefni eru í gangi og vil ég bara ítreka enn og aftur að menn kynni sér ársskýrsluna fyrir árið 2016 og fylgist síðan með heimasíðu og Facebooksíðu stofnunarinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun. **Andrés Skúlason** spurði hvort stjórn Austurbrúar hefði lagt upp áætlun um það hvernig bæta megi tekjustofna Austurbrúar og hver þörfin væri (hversu mikið þyrfti að hækka tekjurnar). Hann óskaði eftir nánari sundurliðun á tekjum. JÁÞ varpaði upp töflu með sundurliðun tekna, stærsti einstaki samningsaðilinn er Fræðslusjóður atvinnulífsins. Hún sagði að tekjugrunnur Austurbrúar hefði verið ræddur fram og til baka í stjórn. Slík umræða héldist í hendur við það hvert framboð þjónustu Austurbrúar eigi að vera. Skoðað hefur verið hvort heppilegt væri að gera rammasamning um starfsemi Austurbrúar en vandinn er að sambærilegar stofnanir er ekki að finna í öðrum landshlutum. **Sigrún Blöndal** benti á að stjórn hefði reynt að tryggja að framlögin sem koma t.a.m. í gegnum samninga við ríkið væru verðlagsbættir. Þá væri brýnt að ríkið skilgreindi hvaða grunnþjónusta eigi að vera í landshlutunum og fjármagna þá þjónustu. Það væri mjög erfitt að vera sífellt að reka hálfjárnöggnuð verkefni. Þessi þröngi stakkur kæmi vissulega niður á því hvernig hægt

væri að sækja aukið fé. AS taldi brýnt að kalla eftir því við fjármálaráðherra að samningar ríkisins væru vísitölubættir og aukið fjármagn verði sett í farveg eins og sóknaráætlun. Hann spurði um sóknaráætlun í fjármálaáætlun. SB sagði ekki hægt að sjá aukningu til sóknaráætlunar í fjármálaáætlun en þó hefði fengist 100 milljóna króna viðbótarframlag til samningsins á þessu ári. Ekki kváðu fleiri sér hljóðs.

4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á). Fellur niður.
5. Næst á dagskrá fundarins voru kosningar. Fundarstjóri gaf **Skúla Birni Gunnarssyni**, formanni starfsháttanefndar Austurbrúar orðið.

A. *Kjör stjórnar*

SBG kynnti tillögur um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses. í samræmi við skipulagsskrá. Nýrri stjórn var fagnað með lófaklappi.

Tillaga um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses.:

Af vettvangi sveitarstjórnarmála

- **Jón Björn Hákonarson**, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
- **Sigrún Blöndal**, bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði og form. SSA
- **Gauti Jóhannesson**, sveitarstjóri á Djúpavogi
- *varamaður:* **Arnbjörg Sveinsdóttir**, bæjarfulltrúi á Seyðisfirði

Af vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar

- **Sveinn Jónsson**, verkfræðingur hjá Mannvit
- **Sæunn Stefánsdóttir**, forstöðum. Stofnunar rannsóknarsetra HÍ
- *varamaður:* **Adolf Guðmundsson**, lögfræðingur á Seyðisfirði

B. *Kjör endurskoðenda.*

JÁP greindi frá tillögu stjórnar Austurbrúar um að KPMG verði falið að sinna endurskoðun reikninga. Samþykkt með lófaklappi.

C. *Kjör starfsháttanefndar.*

SBG kynnti tillögu starfsháttanefndar um að nefndina skipi Ásdís Helga Bjarnadóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Valdimar Ö. Hermannsson. Samþykkt með lófaklappi.

KJÖR Í STARFSHÁTTANEFND

Tillaga um fulltrúa í starfsháttanefnd Austurbrúar ses.:

- Ásdís Helga Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
- Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

D. Kjör siðanefndar.

SBG kynnti tillögu starfsháttarnefndar um að siðanefnd skipi Aðalheiður Árnadóttir, Gunnlaugur Sverrisson og Sigríður Rún Tryggvadóttir. Samþykkt með lófaklappi.

KJÖR Í SIÐANEFND

Tillaga um fulltrúa í siðanefnd Austurbrúar ses.:

- Aðalheiður Árnadóttir lögfræðingur
- Gunnlaugur Sverrisson viðskiptafræðingur
- Sigríður Rún Tryggvadóttir guðfræðingur

6. Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið: Ákvörðun um þóknun stjórnar. SBG kynnti tillögu starfsháttarnefndar um að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú verði óbreytt en taki mið af hækkun kjarasamninga (u.þ.b. 3% hækkun). Samþykkt samhljóða.
7. Þá var komið að dagskrárliðnum *Önnur mál*. **Hákon Guðröðarson** benti starfsháttanefnd á að eðlilegt gæti verið að ferðaþjónustan ætti fulltrúa í stjórn Austurbrúar, í ljósi þeirra stóru verkefna sem ferðaþjónustan hefði fært Austurbrú. AS þakkaði fyrir þann góða árangur sem náðst hefur við stjórn Austurbrúar og þeim viðsnúningi sem orðið hefur á rekstrinum.

Fundarstjóri bað varaformann stjórnar Austurbrúar um að slíta fundinum. SS þakkaði starfsfólki og stjórn fyrir vel unnin störf, fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit að svo búnu fundinum.

Fundi var slitið kl. 14.05.